1. The designated airlines of the Contracting Parties shall have fair and equal opportunity to operate the agreed services on the specified routes between the respective territories of their States.

2. Við rekstur samþykkrar flugþjónustu skal tilnefnt flugfélag eða tilnefnd flugfélög taka tillit til hagsmuna tilnefnds flugfélags eða tilnefndra flugfélaga hins samningsaðilans svo að eigi sé óhæfilega íþyngt þeirri þjónustu sem hin síðarnefndu reka á sömu leiðum eða hluta þeirra.

3. Samþykkt flugþjónusta sem veitt er af tilnefndum flugfélögum samningsaðila skal vera í nánu samræmi við flutningaþarfir almennings á hinum tilteknu flugleiðum og skal hafa að höfuðmarkmiði að veita, með hæfilegri hleðslunýtingu, nægjanlegt flutningsframboð til þess að anna raunverulegri og hæfilega áætlaðri flutningaþörf fyrir farþega, farm og póst milli yfirráðasvæða ríkjanna.

4. Flugþjónusta sem tilnefnt flugfélag veitir samkvæmt samningi þessum skal enn fremur rekin í samræmi við þá meginreglu að flutningsframboð sé miðað við:

- a) flutningaþörf milli upprunallands og þess lands sem flogið er til;
- b) flutningaþörf þess svæðis sem hin samþykkt þjónusta fer um; og
- c) þarfir gegnumflugs.

10. gr. Gjöld.

1. Gjöld fyrir alla samþykkt þjónustu skulu miðuð við sanngjarna upphæð að teknu hæfilegu tilliti til allra atriða sem máli skipta, þar á meðal rekstrarkostnaðar, sanngjarns ágóða, eiginleika þjónustunnar og gjalda annarra flugfélaga á hverjum hluta tilnefndrar flugleiðar. Gjöldin skulu ákvörðuð á grundvelli þeirra ákvæða samnings þessa sem hér fara á eftir.

2. Gjöldin sem getið er um í 1. mgr. þessarar greinar skulu, ef mögulegt er, ákveðin fyrir sérhverja hinna tilgreindu flugleiða af hinum tilnefndu flugfélögum varðandi sérhverja hinna tilgreindu flugleiða eftir viðræður við önnur flugfélög sem starfa á allri leiðinni eða hluta hennar. Gjöldin sem þannig næst samkomulag um skulu lögð fyrir flugmálafyrirvöld til samþykktar í síðasta lagi þrjátíu (30) dögum fyrir fyrirhugaða gildistöku þeirra. Í sérstökum tilvikum má stytta þennan tíma, enda sé það samþykkt af fyrrgreindum yfirvöldum.

3. Ef hin tilnefndu flugfélög geta ekki komið sér saman um nein þessara gjalda, eða ef af einhverjum ástæðum er ekki hægt að ná samkomulagi um gjöld í samræmi við ákvæði 2. mgr. þess-

2. In operating the agreed services the designated airline(s) of one Contracting Party shall take into account the interests of the designated airline(s) of the other Contracting Party so as not to affect unduly the services which the latter provide on the whole or any part of the same routes.

3. The agreed services provided by the designated airlines of the Contracting Parties shall be closely related to the requirements of the public for transportation on the specified routes, and each designated airline shall have as its primary objective the provision, at a reasonable load factor, of capacity adequate to fulfil the current and reasonably anticipated requirements for the carriage of passengers, cargo and mail between the respective territories of their States.

4. The air services provided by a designated airline under the present Agreement shall furthermore be operated in accordance with the general principles that capacity shall be related to:

- a) the requirements of traffic between the countries of origin and destination;
- b) the requirements of traffic of the area through which the agreed services pass; and
- c) the requirements of through airline operations.

ARTICLE 10 Tariffs

1. The tariffs on any agreed service shall be established at reasonable levels due regard being paid to all relevant factors including cost of operation, reasonable profit, characteristics of service and the tariffs of other airlines for any part of the specified route. These tariffs shall be fixed in accordance with the following provisions of this Article.

2. The tariffs referred to in paragraph 1 of this Article shall, if possible, be agreed in respect of each of the specified routes between the designated airlines concerned in respect of each of the specified routes, after consultation with the other airlines operating over the whole or part of that route. The tariffs so agreed shall be submitted for the approval of the aeronautical authorities of the Contracting Parties at least thirty (30) days before the proposed date of their introduction. In special cases this period may be reduced subject to the agreement of the said authorities.

3. If the designated airlines cannot agree on any of these tariffs or if for some other reason a tariff cannot be agreed upon in accordance with the provisions of paragraph 2 of this Article the

arar greinar, skulu flugmálayfirvöld beggja samningsaðila reyna að ákveða gjöldin með samkomulagi sín á milli.

4. Ef flugmálayfirvöld geta ekki komist að samkomulagi um að samþykkja einhver gjöld sem lögð eru fyrir þau skv. 2. mgr. þessarar greinar, né um ákvörðun um einhver gjöld skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal leysa ágreininginn í samræmi við ákvæði 16. gr. samnings þessa.

5. Ekkert gjald skal taka gildi nema flugmálayfirvöld beggja samningsaðila hafi samþykkt það.

6. Gjöld sem ákveðin eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu gilda þar til ný gjöld hafa verið ákveðin í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

11. gr.

Tollar.

1. Loftför sem notuð eru í samþykktri þjónustu af tilnefndu flugfélagi eða tilnefndum flugfélögum eins samningsaðila, svo og venjulegur útbúnaður, varahlutir, eldsneytis- og smurolíubirgðir, vistir um borð (þar með talinn matur, drykkir og tóbak) skulu undanþegin álagningu tolla, annarra sambærilegra skatta, greiðslna og gjalda þegar komið er á yfirráðasvæði ríkis hins samningsaðilans, enda verði slíkur búnaður, varahlutir, birgðir og vistir áfram um borð í loftfarinu þar til þau eru flutt út aftur.

2. Einnig skulu undanþegin álagningu tolla, skatta og annarra sambærilegra greiðslna og gjalda:

a) vistir fyrir loftför sem teknar eru um borð á yfirráðasvæði í ríki eins samningsaðila innan takmarka sem sett eru af stjórnvöldum þess samningsaðila, og ætlaðar til notkunar um borð í loftfarinu, sem rekið er samkvæmt samþykktri þjónustu af tilnefndu flugfélagi hins samningsaðilans;

b) varahlutir sem komið er með inn á yfirráðasvæði annars samningsaðilans til viðhalds eða viðgerða á loftfari sem er rekið samkvæmt samþykktri þjónustu af tilnefndu flugfélagi hins samningsaðilans;

c) eldsneyti og smurolíur ætlaðar til notkunar við rekstur samþykktar þjónustu loftfars tilnefnds flugfélags annars samningsaðilans;

d) nauðsynleg skjöl sem notuð eru af tilnefndu flugfélagi eða flugfélögum annars samningsaðilans, þ.m.t. flugfarseðlar og flugfarmskírteini sem flutt eru inn eða verið er að flytja inn af flugfélagi þess samningsaðila til yfirráðasvæðis hins

aeronautical authorities of the Contracting Parties shall endeavour to determine the tariff by agreement between themselves.

4. If the aeronautical authorities cannot agree on the approval of any tariff submitted to them under paragraph 2 of this Article or on the determination of any tariff under paragraph 3 of this Article, the dispute shall be settled in accordance with the provisions of Article 16 of the present Agreement.

5. No tariff shall come into force unless the aeronautical authorities of both Contracting Parties have approved it.

6. The tariffs established in accordance with the provisions of this Article shall remain in force until new tariffs have been established in accordance with the provisions of this Article.

ARTICLE 11

Customs Duties

1. Aircraft operated on the agreed services by the designated airline(s) of one Contracting Party, as well as their regular equipment, spare parts, supplies of fuel and lubricants, aircraft stores (including food, beverages and tobacco) on board the aircraft shall be exempt from the imposition of customs duties and taxes, and other similar payments and fees on arriving in the territory of the State of the other Contracting Party provided such equipment, spare parts, supplies and stores remain on board the aircraft up to such time as they are re-exported.

2. There shall also be exempt from the imposition of customs duties and taxes, and other similar payments and fees:

a) aircraft stores taken on board in the territory of the State of one Contracting Party, within limits fixed by the authorities of the said Contracting Party, and for use on board the aircraft operated on the agreed services by the designated airline of the other Contracting Party;

b) spare parts introduced into the territory of the State of one Contracting Party for the maintenance or repair of aircraft engaged in operation on agreed services by a designated airline of the other Contracting Party;

c) fuel and lubricants intended for use in the operation of the agreed services by aircraft of a designated airline of one Contracting Party;

d) the necessary documents used by the designated airline(s) of one Contracting Party including air tickets and airway bills that are imported or being imported by the airline of that Contracting Party to the territory of the State of

samningsaðilans í tengslum við rekstur hinnar samþykktu þjónustu.

Gjöld er svara til þeirrar þjónustu sem veitt er, geymslu og tollafgreiðslu verða lögð á samkvæmt landslögum í ríkjum samningsaðila.

3. Varningur, birgðir og varahlutir, svo og þau skjöl sem getið er um í 2. mgr. hér að framan skulu höfð undir eftirliti eða í umsjá tollgæslu.

4. Venjulegan loftferðaútbúnað, svo og vörur, birgðir og varahluti sem að jafnaði eru hafðir um borð í loftfarinu sem rekið er af tilnefndu flugfélagi annars samningsaðilans má því aðeins afferma á yfirráðasvæði ríkis hins samningsaðilans að til komi samþykki tollayfirvalda þess samningsaðila. Í slíkum tilvikum skal þess háttar varningur hafður undir eftirliti nefndra stjórnvalda þar til hann er fluttur úr landi að nýju eða honum ráðstafað á annan hátt í samræmi við tollareglugerðir.

12. gr.

Yfirfærsla tekna.

1. Hvor samningsaðili skal veita tilnefndu flugfélagi eða flugfélögum hins samningsaðilans rétt til frjálsrar yfirfærslu á þeim tekjum þeirra sem eru umfram útgjöld og aflað var í tengslum við rekstur hinnar samþykktu þjónustu.

2. Þegar aðferð við slíka yfirfærslu er háð sérstökum samningi milli samningsaðila skal sá samningur gilda. Ef ekki er um slíkan samning að ræða eða viðeigandi ákvæði í slíkum samningum skal yfirfærslan fara fram í auðskiptanlegum gjaldeyri á opinberu gengi samkvæmt reglugerðum samningsaðila um gjaldeyrisviðskipti.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á skattamálefni sem fjallað er um í öðrum samningum milli samningsaðilanna.

13. gr.

Umboðsaðilar flugfélaga og sala.

1. Tilnefnt flugfélag eða tilnefnd flugfélög annars samningsaðilans skulu eiga rétt á því, í samræmi við lög og reglugerðir ríkis hins samningsaðilans um komu, búsetu og atvinnu, að flytja að og hafa á yfirráðasvæði ríkis hins samningsaðilans starfsmenn við stjórnun, tæknistörf, rekstur og aðra sérhæfða starfsmenn sem nauðsynlegir eru til þess að veita flugþjónustu.

the other Contracting Party in connection with the operation of the agreed services.

Charges corresponding to the services performed, storage and customs clearance will be levied in accordance with the internal legislation of the States of the Contracting Parties.

3. Materials, supplies and spare parts as well as documents referred to in paragraph 2 above shall be required to be kept under Customs supervision or control.

4. Regular airborne equipment, as well as the materials, supplies and spare parts normally retained on board the aircraft operated by a designated airline of one Contracting Party, may be unloaded in the territory of the State of the other Contracting Party only with the approval of the Customs authorities of that Contracting Party. In such case they shall be placed under the supervision of the said authorities up to such time as they are re-exported or otherwise disposed of in accordance with Customs regulations.

ARTICLE 12

Transfer of Earnings

1. Each Contracting Party shall grant to the designated airline(s) of the other Contracting Party the right to transfer freely the excess of receipts over expenditure earned by such airline in connection with the operation of the agreed services.

2. Whenever the procedure for such transfer is governed by a special agreement between the Contracting Parties, such agreement shall apply. In the absence of such agreement or relevant provisions therein, the transfer shall be effected in convertible currency at the official exchange rate in accordance with the foreign exchange regulations of the Contracting Parties.

3. The provisions of the present Article do not affect the issues of taxation that are the subject of other agreements between the Contracting Parties.

ARTICLE 13

Airline Representation and Sales

1. The designated airline(s) of one Contracting Party shall be entitled, in accordance with the laws and regulations relating to entry, residence and employment of the State of the other Contracting Party, to bring in and maintain in the territory of the State of the other Contracting Party those of their own managerial, technical, operational and other specialist staff who are required for the provision of air services.

2. Tilnefnt flugfélag eða tilnefnd flugfélög hvors samningsaðila skulu eiga rétt á því, í samræmi við lög og reglugerðir ríkis hins samningsaðilans, að selja flutning á eigin flutningsskjölum í eigin skrifstofum á yfirráðasvæði ríkis hins samningsaðilans og til að ráða umboðsaðila sem hafa tilskilið starfsleyfi.

14. gr.

Öryggi í flugi.

1. Í samræmi við réttindi og skyldur að þjóðarétti árétta samningsaðilar að skyldur þeirra gagnvart hvor öðrum, sem felast í að vernda almenningsflug gegn ólögumætum aðgerðum, séu óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum. Án þess að takmarka almenn réttindi sín og skyldur samkvæmt þjóðarétti ber samningsaðilum sérstaklega að bregðast við í samræmi við ákvæði samnings um lögbrot og aðra verknaði í loftförum sem undirritaður var í Tókíó 14. febrúar 1963, samnings um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara sem undirritaður var í Haag 16. desember 1970, samnings um að koma í veg fyrir ólögumætari aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna sem undirritaður var í Montreal 13. september 1971, bókunina um að koma í veg fyrir ólögleg ofbeldisverk á flughöfnum sem þjóna almenningsflugi sem undirrituð var í Montreal 24. febrúar 1988 og ákvæði tvíhliða samninga sem í gildi eru milli samningsaðilanna, svo og samninga þeirra sem síðar verða undirritaðir.

2. Að fenginni beiðni þar um, skulu aðilar veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og annarra ólöglegra aðgerða gegn öryggi slíkra loftfara, farþegum þeirra og áhöfnum, flugvöllum og flugleiðsöguaðstöðu og allra annarra ógnana við öryggi almenningsflugs.

3. Samningsaðilar skulu bregðast við í samræmi við þær flugöryggisráðstafanir og tæknilegu kröfur sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur sett og tilgreindar eru sem viðaukar við samþykktina að því marki sem slíkar öryggisráðstafanir og kröfur eiga við um samningsaðilana; þeir skulu gera kröfur um að rekstraraðilar loftfara sem eru skráð hjá þeim eða rekstraraðilar loftfara sem hafa aðalumsvif eða fasta búsetu á yfirráðasvæði ríkja þeirra starfi í samræmi við flugverndarákvæðin.

2. The designated airline(s) of each Contracting Party shall have the right to sell in accordance with laws and regulations of the State of the other Contracting Party transportation on their own transportation documents in their offices in the territory of the State of the other Contracting Party and appoint duly authorized agents.

ARTICLE 14

Aviation Security

1. Consistent with their rights and obligations under international law, the Contracting Parties reaffirm that their obligation to each other to protect the security of civil aviation against acts of unlawful interference forms an integral part of the present Agreement. Without limiting the generality of their rights and obligations under international law, the Contracting Parties shall in particular act in conformity with the provisions of the Convention on Offenses and Certain Other Acts Committed on Board Aircraft, signed at Tokyo on 14 September 1963, the Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft, signed at the Hague on 16 December 1970, the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, signed at Montreal on 23 September 1971, the Protocol for Suppressions of Unlawful Acts of Violence at Airports Serving International Civil Aviation, signed at Montreal on 24 February 1988, and the provisions of bilateral agreements in force between the Contracting Parties as well as their agreements to be signed subsequently.

2. The Contracting Parties shall provide upon request all necessary assistance to each other to prevent acts of unlawful seizure of civil aircraft and other unlawful acts against the safety of such aircraft, their passengers and crew, airports and air navigation facilities, and any other threat to the security of civil aviation.

3. The Contracting Parties shall act in conformity with the aviation security provisions and technical requirements established by the International Civil Aviation Organization and designated as Annexes to the Convention to the extent that such security provisions and requirements are applicable to the Contracting Parties; they shall require that operators of aircraft of their registry or operators of aircraft who have their principal place of business or permanent residence in their territory of their States act in conformity with such aviation security provisions.

4. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að slíka flugrekstraráðila megi skylda til þess að fara að þeim flugverndarákvæðum og kröfum, sem getið er um í 3. mgr. þessarar greinar, sem hinn samningsaðilinn krefst við komu inn á yfirráðasvæði ríkis þess samningsaðila, við brottför þaðan eða meðan á veru þar stendur. Hvor samningsaðili skal tryggja að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar með virkum hætti innan yfirráðasvæðis ríkis hans til að vernda loftfarið og skoða farþega, áhöfn, handfarangur, farangur ásamt farmi og birgðum loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða við hleðslu. Einnig skulu báðir samningsaðilar taka til vinsamlegrar athugunar allar óskir hins samningsaðilans um raunhæfar sérstakar flugverndarráðstafanir til að mæta sérstakri hættu.

5. Þegar hætta er á ólöglegri töku almenningsloftfara eða öðrum ólöglegum aðgerðum gegn öryggi slíkra loftfara, farþegum þeirra og áhafna, flugvalla eða flugleiðsagnaraðstöðu, eða þegar slíkt á sér stað, skulu samningsaðilar aðstoða hvor annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða hættuástand á skjótan og öruggan máta.

15. gr. Samráð.

Öðru hverju skulu eiga sér stað viðræður milli flugmálayfirvalda samningsaðila í því skyni að tryggja náð samstarf í öllum málum er varða efndir samnings þessa.

16. gr. Lausn deilumála.

Allar deilur varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu leystar með beinum samningaviðræðum milli flugmálayfirvalda samningsaðila. Nái flugmálayfirvöld ekki samkomulagi skal deilan leyst eftir diplómátskum leiðum.

17. gr. Breytingar á samningnum.

Nú telur annar samningsaðilinn æskilegt að breyta einhverju ákvæði samnings þessa, og getur hann þá farið fram á viðræður við hinn samningsaðilann. Slíkar viðræður skulu hefjast innan sextíu (60) daga frá dagsetningu beiðninnar nema báðir samningsaðilar fallist á framlengingu þess frests. Sérhver breyting sem sam-

4. Each Contracting Party agrees that such operators of aircraft may be required to observe the aviation security provisions and requirements referred to in paragraph 3 of this Article required by the other Contracting Party for entry into, departure from, or while within the territory of the State of that other Contracting Party. Each Contracting Party shall ensure that adequate measures are effectively applied within the territory of its State to protect the aircraft and to inspect passengers, crew, carry-on items, baggage, cargo and aircraft stores prior to and during boarding or loading. Each Contracting Party shall also give sympathetic consideration to any request from the other Contracting Party for reasonable special security measures to meet a particular threat.

5. When an incident or threat of an incident of unlawful seizure of civil aircraft or other unlawful acts against the safety of such aircraft, their passengers and crew, airports or air navigation facilities occurs, the Contracting Parties shall assist each other by facilitating communications and other appropriate measures intended to terminate rapidly and safely such incident or threat thereof.

ARTICLE 15 Consultations

From time to time there shall be consultations between the aeronautical authorities of the Contracting Parties to ensure close collaboration in all matters affecting the fulfilment of the present Agreement.

ARTICLE 16 Settlement of Disputes

Any dispute relating to the interpretation or application of the present Agreement shall be settled by direct negotiations between the aeronautical authorities of the Contracting Parties. If the said aeronautical authorities fail to reach an agreement the dispute shall be settled through diplomatic channels.

ARTICLE 17 Modification of Agreement

If either of the Contracting Parties considers it desirable to modify any provisions of the present Agreement, it may request consultations with the other Contracting Party. Such consultations shall begin within a period of sixty (60) days from the date of the request, unless both Contracting Parties agree to an extension of this period. Any

þykkt er í slíkum viðræðum skal taka gildi þrjátíu (30) dögum eftir þann dag sem hún var samþykkt með erindaskiptum diplómátskra sendifulltrúa. Breytingar er varða einungis viðaukann má gera með beinum samningum milli flugmála- yfirvalda samningsaðila.

18. gr.

Skráning samningsins.

Samningur þessi og allar síðari breytingar á honum skulu skráðar hjá Alþjóðflugmálastofnuninni.

19. gr.

Uppsögn.

Hvor samningsaðili getur hvenær sem er tilkynnt hinum samningsaðilanum með erindaskiptum diplómátskra sendifulltrúa um þá ákvörðun sína að segja upp samningi þessum. Slík tilkynning skal samtímis send Alþjóðflugmálastofnuninni.

Í slíku tilviki skal samningurinn falla úr gildi tólf (12) mánuðum eftir að hinum samningsaðilanum berst tilkynningin nema gagnkvæmt samkomulag takist um að afturkalla tilkynninguna áður en fresturinn er útrunninn.

Ef eigi berst staðfesting á móttöku tilkynningarinnar frá hinum samningsaðilanum, skal lítið svo á að tilkynningin hafi borist honum fjórtán (14) dögum eftir að hún barst Alþjóðflugmálastofnuninni.

20. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi þrjátíu (30) dögum eftir að báðir samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um að lokið sé lögformlegri innlendra meðferð sem nauðsynleg er til að samningurinn öðlist gildi.

Gert í Reykjavík hinn 11. desember 1998 í tveimur frumeintökum á íslensku, rússnesku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef munur er á túlkun, skal notast við enska textann.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Rússneska sambandsríkisins
Gennady Nikolaevich Zaytsev

modification agreed in such consultations shall enter into force thirty (30) days after the date it has been confirmed by an exchange of diplomatic notes. Modifications relating only to the Annex may be made by direct agreement between the aeronautical authorities of the Contracting Parties.

ARTICLE 18

Registration of Agreement

The present Agreement and any subsequent amendments thereto shall be registered with the International Civil Aviation Organization.

ARTICLE 19

Termination

Either Contracting Party may at any time give notice to the other Contracting Party through diplomatic channels of its decision to terminate the present Agreement. Such notice shall simultaneously be communicated to the International Civil Aviation Organization.

In such case the Agreement shall terminate twelve (12) months after the date of receipt of the notice by the other Contracting Party unless the notice to terminate is withdrawn by mutual agreement before the expiry of this period.

In the absence of acknowledgement of receipt by the other Contracting Party, notice shall be deemed to have been received fourteen (14) days after the receipt of the notice by the International Civil Aviation Organization.

ARTICLE 20

Entry into Force

The present Agreement shall enter into force thirty (30) days after both Contracting Parties have notified each other that their internal procedures for the entry into force of the Agreement have been completed.

Done at Reykjavík on 11 December 1998 in two original copies in the Icelandic, Russian and English languages, all texts being equally authentic. In case of difference of interpretation the English text shall be used.

For the Government of Iceland
Halldór Ásgrímsson

For the Government
of the Russian Federation
Gennady Nikolaevich Zaytsev

VIÐAUKI

1. Flugleiðir sem heimilaðar eru tilnefndu flugfélagi eða tilnefndum flugfélögum Íslands í báðar áttir:

Reykjavík – Moskva.

2. Flugleiðir sem heimilaðar eru tilnefndum flugfélögum Rússneska sambandsríkisins í báðar áttir:

Moskva – Reykjavík.

3. Réttur tilnefnds flugfélags eða tilnefndra flugfélaga eins sammingsaðila til að flytja farþega, farm og póst með einu flugnúmeri milli tveggja staða á yfirráðasvæði ríkis hins sammingsaðilans og staða á yfirráðasvæði þriðja aðila skal háður sérstökum samningi milli flugmálayfirvalda sammingsaðila.

4. Um flutningsframboð sem tilnefnd flugfélög bjóða skal samið milli flugmálayfirvalda sammingsaðila. Tíðni þeirrar þjónustu sem tilnefnt flugfélag eða flugfélög veita skal þó vera nægjanleg til þess að tryggja viðskiptalega hagkvæmni þjónustunnar.

5. Leiguflug, aukflug og flug utan áætlanu eru háð umsóknum fyrirfram af hálfu tilnefnds flugfélags eða flugfélaga. Slík umsókn skal lögð fram í síðasta lagi fjórtíu og átta (48) stundum fyrir brottför, að frátöldum helgum og helgidögum.

26. febrúar 1999

Nr. 8

AUGLÝSING

um samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt.

Hinn 12. janúar 1999 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt sem gerður var í Kaupmannahöfn 23. október 1998. Samningurinn öðlaðist gildi 26. febrúar 1999.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar
um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgarétt.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásattar um framkvæmd ákvæðanna í 10. gr. laga nr. 252 frá 27. maí 1950 um danskan ríkisborgarétt, sbr. lagabirtingu nr. 757 frá 14. september 1995, í 10. gr. laga um finnskan ríkisborgarétt (nr. 401) frá 28. júní 1968 með breytingu að hluta samkvæmt lögum frá 10. ágúst 1984 (584/1984), í 9. gr. b í lögum nr. 100 frá 23. desember 1952 um íslenskan ríkisborgarétt með breytingu samkvæmt lögum nr. 49 frá 11. maí 1982, í 10. gr. laga frá 8. desember 1950 um norskan ríkisborgarétt með breytingu samkvæmt lögum frá 20. desember 1968, og í 10. gr. laga frá 22. júní 1950 (nr. 382) um sænskan ríkisborgarétt sem síðast var breytt með lögum frá 30. maí 1991 (nr. 501).

1. gr.

Pegar beitt er 3. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgaréttarlögunum og 5. gr. í finnsku ríkisborgaréttarlögunum skal meta lögheimili í öðru samningsríki til jafns við lögheimili í því ríki sem aðili óskar eftir að öðlast ríkisborgarétt í, þó þannig að aðeins skal telja þann tíma sem lögheimili er skráð síðustu 5 ár áður en ósk er borin fram og áður en aðili sem ríkisfangs óskar náði 16 ára aldri.

2. gr.

Pegar beitt er 4. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgaréttarlögunum og 6. gr. í finnsku ríkisborgaréttarlögunum skal meta lögheimili í öðru samningsríki til fullnaðs 12 ára aldurs til jafns við lögheimili í því ríki sem aðili óskar eftir að öðlast ríkisborgarétt í.

3. gr.

Ekki skal beita ákvæði 1. mgr. 8. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgaréttarlögunum og ákvæði 1. mgr. 8. gr. b í finnsku ríkisborgaréttarlögunum gagnvart þeim sem átt hefur lögheimili samanlagt í minnst 7 ár í öðru samningsríki.

4. gr.

Sá sem er ríkisborgari í einhverju samningsríki getur öðlast ríkisborgarétt í öðru samningsríki með því að tilkynna skriflega þá ósk sína til þess yfirvalds sem viðkomandi ríki tiltekur enda hafi hann

- 1) öðlast ríkisborgarétt í fyrrnefndu ríki með öðrum hætti en með lögum, leyfi eða samsvarandi hætti,
- 2) náð 18 ára aldri,
- 3) átt lögheimili í samningsríkinu síðustu 7 árin, og
- 4) ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar eða til að sæta öðrum viðurlögum sem samkvæmt lögum þess ríkis eru í þessu tilliti lögð að jöfnu við refsivist.

Pegar beitt er ákvæðinu í 1. tl. 1. mgr. telst sá, sem öðlast hefur ríkisborgarétt við að annað foreldra hans hefur öðlast ríkisborgarétt með lögum, leyfi eða samsvarandi hætti, einnig hafa öðlast ríkisborgarétt með þessum hætti.

Pegar beitt er ákvæðinu í 3. tl. 1. mgr. getur sérhver aðili ákvæðið skemmri lögheimilistíma en þó ekki skemmri en 5 ár.

5. gr.

Ríkisborgari í samningsríki, sem áður hefur átt ríkisborgarétt í öðru samningsríki, öðlast að nýju þann ríkisborgarétt við að gefa skriflega yfirlýsingu til yfirvalds sem ríkið tiltekur eftir að hafa tekið sér lögheimili í því ríki.

Slíka yfirlýsingu er þó því aðeins unnt að gefa að sá sem yfirlýsinguna gefur hafi að staðaldri átt ríkisborgarétt í einu eða fleiri samningsríkjanna eftir að hann missti þann ríkisborgarétt sem hann óskar að öðlast að nýju.

6. gr.

Öðlist ríkisborgari í samningsríki ríkisborgararétt í öðru samningsríki samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. gr. öðlast einnig ógift börn hans undir 18 ára aldri þann ríkisborgararétt með því skilyrði að fullnægt sé þeim ákvæðum sem tiltekin eru í ríkisborgararéttarlöggjöf viðkomandi ríkis.

7. gr.

Sérhver aðili skal þegar í stað tilkynna hinum aðilunum þær breytingar á ríkisborgararéttarlöggjöf sinni sem þýðingu hafa fyrir þennan samning. Skulu aðilarnir þá hið fyrsta athuga sameiginlega að hve miklu leyti slíkar breytingar gefa tilefni til breytinga á þessum samningi.

8. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar liðnir eru 30 dagar frá þeim degi er allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir samþykki samninginn. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum aðilunum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

Samtímis fellur úr gildi samningur sem gerður var í Kaupmannahöfn 15. janúar 1969 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt, ásamt síðari breytingum sem gerðar voru með samningi sem gerður var í Stokkhólmi 21. október 1977.

9. gr.

Aðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna það skriflega til danska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir hinum aðilunum um móttöku tilkynningarinnar og um efni hennar.

Uppsögn gildir aðeins að því er varðar þann aðila sem sagt hefur samningnum upp og tekur hún gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytið fékk í hendur tilkynninguna um uppsögn.

10. gr.

Frumrit þessa samnings skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest eftirrit hans.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 23. október 1998 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

8. júní 1999

Nr. 9

AUGLÝSING

um samning við Lettland um gagnkvæma eflingu og vernd fjárfestinga.

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands um gagnkvæma eflingu og vernd fjárfestinga, sem gerður var í Ríga 11. júní 1998, öðlaðist gildi 1. maí 1999. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júní 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og
ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands um
gagnkvæma eflingu og vernd
fjárfestinga.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Lettlands, hér á eftir nefndar samningsaðilar,

SEM HYGGMJAST skapa hagstæðar aðstæður fyrir fjárfestingar af hálfu fjárfesta annars samningsaðila á landsvæði hins,

SEM ER LJÓST að gagnkvæm hvatning til slíkra fjárfestinga og gagnkvæm vernd þeirra muni þannig stuðla að auknum viðskiptum og einkaframtaki fjárfesta og auka hagsæld í báðum ríkjum,

SEM VILJA auka og hvetja til efnahagslegrar samvinnu ríkjanna á sviði fjárfestinga á grundvelli jafnréttis og með hag beggja fyrir augum,
 HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir:

1. „Fjárfesting“ hverja þá eign sem tilheyrir fjárfesti annars samningsaðila á landsvæði hins samningsaðilans í samræmi við lög og reglur hins síðarnefnda og tekur hugtakið einkum en þó ekki eingöngu til:
 - a) fyrirtækis án tillits til lögakveðins rekstrarforms þess,
 - b) lausafjár og fasteigna, þar á meðal landareigna og annarra eignarréttinda svo sem fasteignaveðs, veðbanda, tryggingaréttinda, einkaréttar, ábyrgða og líkra réttinda,
 - c) eignarhluta, hlutafjár og hvers kyns annarrar þátttöku í fyrirtæki í formi eigin fjár,
 - d) endurfjárfests ágóða, krafna til fjárgreiðslna og krafna til annarra efnda eða annarra réttinda á sviði þjónustu sem fjárhagslegt gildi hafa,
 - e) hugverkaréttinda, meðal annars á sviði iðnaðar, þar á meðal og einkum höfundarréttinda og réttinda á sviði einkaleyfa, iðnhönnunar, vörumerkja, viðskiptaheita, tæknilegra framleiðsluferla, verkþekkingar og viðskiptavildar,

AGREEMENT
between the Government of the Republic of
Iceland and the Government of the Republic
of Latvia on the Mutual Promotion and
Protection of Investments

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Latvia, hereinafter referred to as the Contracting Parties,

INTENDING to create favourable conditions for investments by investors of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party,

RECOGNISING that mutual promotion and reciprocal protection of such investments will be conducive to stimulating business and the private initiative of investors thus and will increase prosperity in both States,

DESIRING to intensify and encourage economic cooperation for investment in both States on the basis of equality and mutual benefits,
 HAVE AGREED as follows:

Article 1

Definitions

For the purposes of this Agreement:

1. The term “investment” means every kind of asset owned by an investor of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party, in accordance with the laws and regulations of the latter, and includes in particular:
 - (a) an enterprise, irrespective of its legal form;
 - (b) movable and immovable property, including land property, and any other property rights such as mortgages, liens, pledges, privileges, guarantees and similar rights;
 - (c) shares, stocks and any other kind of equity participation in an enterprise;
 - (d) returns reinvested, claims to money and claims to any performance or other rights relating to service having a financial value;
 - (e) industrial and intellectual property rights, including in particular copyrights, patents, industrial designs, trademarks, trade names, technical processes, know-how and goodwill;

- f) sérleyfa til atvinnurekstrar sem eru veitt samkvæmt lögum eða lögmatum samningi, þar á meðal sérleyfa til að leita að náttúruauðlindum eða rækta þær, nema eða nýta,
- g) réttinda samkvæmt samningum, þar á meðal samningum um alverktöku, mannvirki, umsýslu, framleiðslu eða hagnaðarhlutdeild.
2. „Fjárfestir“, hvað snertir hvorn samningsaðila,
- a) einstakling með ríkisfang annars samningsaðilans eða sem hefur fasta búsetu hjá honum í samræmi við gildandi lög hans, eða
- b) lögpersónu eða annan aðila sem er stofnaður lögformlega eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum samningsaðila, í hagnaðarskyni eður ei, hvort sem hann er í eigu eða lýtur stjórn einkaaðila eða hins opinbera, þar á meðal hlutafélag, fyrirtækjasamsteypu, samlag, einstaklingsfyrirtæki, sameiginlegt fyrirtæki, samtök eða stofnanir.
3. „Ágóði“ lögmaett fé, sem fjárfesting gefur af sér, þar á meðal og einkum: rekstrarhagnað, vexti, höfundarréttargreiðslur, þóknun, ágóðahlut, söluhagnað af eignum og aðrar lögmaetar tekjur af fjárfestingum.
4. Landsvæði:
- a) yfirráðasvæði samningsaðila á landi, inn-sævi hans og landhelgi, og
- b) hafsvæði handan landhelgi þar sem samningsaðili hefur fullveldisréttindi eða lögsögu samkvæmt þjóðarétti.
- (f) business concessions conferred by law or under contract permitted by law, including concessions to search for, cultivate, extract and exploit natural resources;
- (g) rights under contracts, including turnkey, construction, management, production or revenue sharing contracts.
2. The term “investor” shall mean with regard to each Contracting Party:
- (a) any natural person who has nationality of, or who is permanently residing in, a Contracting Party in accordance with its applicable laws; or
- (b) a legal person or any other entity constituted or organised under the applicable law of a Contracting Party, whether or not for profit, and whether private or government owned or controlled, and includes a corporation, trust, partnership, sole proprietorship, joint venture, association or organisation.
3. The term “returns” shall mean the lawful amounts yielded by an investment, and includes in particular: profit, interest, royalties, fees, dividends, capital gains and other lawful income derived from investments.
4. The term “territory” shall mean:
- (a) the land territory, internal waters, and the territorial sea of a Contracting Party; and
- (b) the maritime areas beyond the territorial sea with respect to which a Contracting Party exercises sovereign rights or jurisdiction in accordance with international law.

2. gr.

Gagnkvæm efling og vernd fjárfestinga.

1. Samningsaðilar skulu hvor um sig stuðla að og skapa hagstæð skilyrði fyrir því að fjárfestar hins samningsaðilans geti fjárfest á landsvæðum þeirra og leyfa slíkar fjárfestingar í samræmi við lög sín og reglur.
2. Ávallt skal gætt sanngirni og jafnræðis hvað snertir meðferð fjárfestinga fjárfesta hvors samningsaðila og skulu þær njóta fullrar verndar og öryggis á landsvæði hins samningsaðilans. Hvor samningsaðili fellst á, með fyrirvara um lög sín og reglur, að hann muni ekki grípa til neinna óréttmætra aðgerða eða aðgerða sem valda mismunun gagnvart umsýslu, viðhaldi, notkun, nýtingu eða ráðstöfun

Article 2

Mutual Promotion and Protection of Investment

1. Each Contracting Party shall encourage and create favourable conditions for investors of the other Contracting Party for investment in its territory and admit such investment in accordance with its laws and regulations.
2. Investments of investors of either Contracting Party shall at all times be accorded fair and equitable treatment and shall enjoy full protection and security in the territory of the other Contracting Party. Each Contracting Party agrees that without prejudice to its laws and regulations it shall not take any unreasonable or discriminatory measures against the management, maintenance, use, enjoy-

fjárfestinga fjárfesta hins samningsaðilans á landsvæði sínu. Hvor samningsaðili skal virða allar skuldbindingar sem hann kann að hafa tekið á sig hvað snertir fjárfestingar fjárfesta hins samningsaðilans.

3. gr.

Meðferð fjárfestinga.

1. Hvor samningsaðili skal á landsvæði sínu gæta sanngirni og jafnræðis hvað snertir fjárfestingar fjárfesta hins samningsaðilans sem skulu ekki hljóta óhagstæðari meðferð en hann veitir fjárfestingum eigin fjárfesta eða fjárfestingum fjárfesta hvaða þriðja ríkis sem er og skal miða við þá meðferð sem er hagstæðari.
2. Hvor samningsaðili skal á landsvæði sínu veita fjárfestum hins samningsaðilans sanngjarna og réttláta meðferð, hvað snertir umsýslu, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjárfestinga þeirra, sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem hann veitir eigin fjárfestum eða fjárfestingum fjárfesta hvaða þriðja ríkis sem er og skal miða við þá meðferð sem er hagstæðari.
3. Hvorum samningsaðila er heimilt að hafa takmarkaðar undantekningar í löggjöf sinni frá innlendra meðferð sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki túlkuð þannig að öðrum samningsaðila sé skylt að veita fjárfestum hins fríðindi vegna meðferðar, betri kjara eða sérréttinda á grundvelli:
 - a) tollabandalags, fríverslunarsvæðis eða áþekks alþjóðasamnings eða samnings sem er ætlað að greiða fyrir verslun milli aðliggjandi landamæraheraða sem annar hvor samningsaðili er eða kann að verða aðili að og sem nú er fyrir hendi eða verða kann til síðar, eða
 - b) alþjóðasamnings eða samkomulags, sem að öllu leyti eða aðallega snertir skattlagningu, eða landslaga sem að öllu leyti eða aðallega snerta skattlagningu.

ment or disposal of investments in its territory of investors of the other Contracting Party. Each Contracting Party shall observe any obligation it may have entered into with regard to investments of investors of the other Contracting Party.

Article 3

Treatment of Investments

1. Each Contracting Party shall accord investments made by investors of the other Contracting Party in its territory a fair and equitable treatment no less favourable than that which it accords to investments of its own investors or to investments of investors of any third State, whichever treatment is more favourable.
2. Each Contracting Party shall accord in its territory to investors of the other Contracting Party, as regards the management, use, enjoyment or disposal of their investments, a fair and equitable treatment no less favourable than that which it accords to its own investors or to investors of any third State, whichever treatment is more favourable.
3. Each Contracting Party may have in its legislation limited exceptions to national treatment provided for in paragraphs 1 and 2 of this Article.
4. The provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article shall not be construed so as to oblige one Contracting Party to extend to investors of the other Contracting Party the benefit of any treatment, preference or privilege resulting from:
 - (a) any existing or future customs union, free trade area or similar international agreement or agreement for facilitating frontier trade to which either of the Contracting Parties is or may become a party; or
 - (b) any international agreement or arrangement relating wholly or mainly to taxation or any domestic legislation relating wholly or mainly to taxation.

4. gr.

Eignarnám og bætur.

1. Ekki má taka fjárfestingar fjárfesta annars hvors samningsaðila eignarnámi, þjóðnýta þær eða gera ráðstafanir gagnvart þeim er hafa sömu áhrif og eignarnám eða þjóðnýting (hér á eftir nefnt „eignarnám“) á landsvæði hins samningsaðila, nema:
 - a) í almannabágu vegna innanlandsnauðsýnjar þess samningsaðila sem framkvæmir eignarnám,
 - b) án mismununar,
 - c) samkvæmt tilhlýðilegri lagalegri málsmeðferð, og
 - d) gegn skilgáðum, nægilegum og skilvirkum bótum.
2. Bætur skulu nema sanngjörnu markaðsverði þeirrar fjárfestingar, sem tekin er eignarnámi, rétt áður en eignarnám er framkvæmt eða almennt verður kunnugt um fyrirhugað eignarnám og skulu þar með taldir algengir vextir frá þeim degi sem eignarnám er framkvæmt til greiðsludags. Bætur skal greiða án ástæðulausrar tafar, skulu þær vera innleysanlegar í raun fyrir skiptanlegan gjaldmiðil og yfirfær-anlegar án takmarkana. Viðkomandi fjárfestir skal, samkvæmt lögum þess samningsaðila sem framkvæmir eignarnám, eiga rétt á tafarlausri endurskoðun á lögmati þeirra ráðstafana, sem eru gerðar vegna fjárfestingarinnar af hálfu dómstóls eða annars réttbærs og óháðs yfirvalds þess samningsaðila, á máli sínu og á mati á verðgildi fjárfestingar sinnar og bótgreiðslu í samræmi við meginreglur þessarar greinar.

5. gr.

Vernd gegn átökum.

Fjárfestum annars samningsaðilans, sem verða fyrir tjóni á fjárfestingum sínum á landsvæði hins samningsaðilans er stafar af stríði, öðrum vopnuðum átökum, neyðarástandi í landinu eða af öðru álíka ástandi, skal veitt sú meðferð af hálfu hins síðarnefnda, að því er varðar endurheimt, skaðleysisgreiðslur, skaðabætur eða annað uppgjör, ef um slíkt er að ræða, sem ekki er óhagstæðari þeirri sem hinn síðarnefndi samningsaðili veitir eigin fjárfestum eða fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er og skal miða við þá meðferð sem er hagstæðust að áliti viðkomandi fjárfestis. Greiðslur, sem þannig eru til komnar, skulu inntar af hendi án tafar og vera yfirfær-anlegar án takmarkana.

Article 4

Expropriation and Compensation

1. Investments made by investors of either Contracting Party shall not be expropriated, nationalised or subjected to measures having effect equivalent to expropriation or nationalisation (hereinafter referred to as expropriation) in the territory of the other Contracting Party except for:
 - (a) public purpose related to the internal needs of the expropriating Party,
 - (b) on a non-discriminatory basis,
 - (c) in accordance with due process of law, and
 - (d) prompt, adequate and effective compensation.
2. The compensation shall amount to the fair market value of the investment expropriated immediately before the expropriation or before the impending expropriation became public knowledge and shall include interest at a normal rate from the date of expropriation until the date of actual payment. It shall be paid without undue delay, be effectively realisable in convertible currency and freely transferable. The investor affected shall have a right, under the law of the Contracting Party making the expropriation, to prompt review of the legality of the measure taken against the investment by a judicial or other competent and independent authority of that Party, of his case and of the valuation of his investment and the payment of compensation in accordance with the principles set out in this Article.

Article 5

Protection from Strife

Investors of one Contracting Party whose investments in the territory of the other Contracting Party suffer losses owing to war, other armed conflicts, a state of national emergency or other similar circumstances, shall be accorded by the latter Contracting Party treatment with regard to restitution, indemnification, compensation or other settlement, if any, no less favourable than that which the latter Contracting Party accords to its own investors or investors of any third State, whichever of these standards is the more favourable from the point of view of the investor. Resulting payments shall be made without delay and be freely transferable.

6. gr.
Yfirfærslur.

1. Hvor samningsaðili skal, samkvæmt lögum sínum og reglum, tryggja að fjárfestar hins samningsaðilans geti yfirfært fjárfestingar sínar og ágóða, sem bundinn er á landsvæði fyrrnefnda samningsaðilans, án tafar. Um er að ræða eftirfarandi yfirfærslur sérstaklega:
 - a) stofnfé, söluhagnað af eignum, rekstrarhagnað, arð af hlutafé, vexti og aðrar tekjur,
 - b) ágóða,
 - c) greiðslur sem fram fara samkvæmt lánsamningi er tengist fjárfestingu,
 - d) greiðslur samkvæmt höfundarrétti, einkaleyfi o.þ.h. og þóknanir,
 - e) hagnað af sölu eða uppgjöri fjárfestingar, allrar eða hluta hennar,
 - f) bótagreiðslur samkvæmt 4. og 5. gr.,
 - g) greiðslur í kjölfar lausnar deilumáls,
 - h) laun og önnur þóknun til starfsmanna sem eru ráðnir erlendis frá í tengslum við fjárfestingu.
2. Ofangreindar yfirfærslur skulu fara fram í gjaldmiðli, sem er yfirfæranlegur án takmarkana, á því gengi er gildir á yfirfærsludegi í seðlabanka þess samningsaðila sem yfirfærir og tók við fjárfestingunni.

7. gr.
Aðilaskipti.

Hafi samningsaðili eða umboðsaðili, sem hann tilnefnir, greitt fjárfesti fé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu, er samningsaðilinn hefur veitt með tilliti til fjárfestingar á landsvæði hins samningsaðilans, skal síðarnefndi samningsaðilinn viðurkenna yfirfærslu réttinda eða kröfu fjárfestis til hins fyrrnefnda samningsaðila eða þess umboðsaðila sem hann tilnefnir og að hinn fyrrnefndi samningsaðili eða umboðsaðilinn, sem hann tilnefnir, yfirtaki þar með viðkomandi réttindi eða kröfu að sama marki og fyrirrennari hans sem eignarréttinn hafði. Hann skal fylgja kröfum fyrrnefnds fjárfestis eftir og taka á sig þær skuldbindingar sem af fjárfestingunni leiðir. Réttindin eða krafan, sem aðilaskiptin varða, skal ekki verða meiri en hin upphaflegu réttindi eða krafa fyrrnefnds fjárfestis.

Article 6
Transfers

1. Each Contracting Party shall, subject to its laws and regulations, guarantee investors of the other Contracting Party the transfer of their investments and returns held in the territory of the former Contracting Party without delay. Such transfers shall include in particular:
 - (a) initial capital, capital gains, profits, dividends, interest and other income;
 - (b) returns;
 - (c) payment made pursuant to a loan agreement in connection with an investment;
 - (d) royalties and fees;
 - (e) proceeds from the sale or liquidation of all or any part of an investment;
 - (f) payments of compensation under Articles 4 and 5;
 - (g) payments arising out of the settlement of a dispute
 - (h) earnings and other remuneration of personnel engaged from abroad in connection with an investment.
